

# Plastlaus september

Kynningarefni 2022

**PLASTLAUS**  
**SEPTEMBER**

Breytum til hins betra

## Hvað er plastlaus september?

Plastlaus september er árvekniátak í septembermánuði ár hvert, þar sem athygli er beint að plasti, skaðsemi þess, ofnotkun og nýjum lausnum. Tilgangurinn er að vekja almenning til aukinnar vitundar um umhverfisáhrif plasts og fá bæði almenning og fyrirtæki til þess að draga úr notkun þess og skoða aðra valkosti.

Plastlaus september var haldinn fyrst árið 2017 og árlega síðan.

[https://plastlausseptember.is/um\\_atakid/](https://plastlausseptember.is/um_atakid/)

### Aðstandendur

Að áttakinu stendur hópur sem kallar sig framkvæmdahóp plastlauss septembers og er meðlimafjöldi breytilegur á milli ára. Árlega er kosin stjórn og félagið lýtur almennum reglum frjálsra félagasamtaka.

<https://plastlausseptember.is/adstandendur/>

### Hafa samband

Formaður PS 2022:  
Natalie Ouellette

Verkefnastjóri PS 2022:  
Salbjörg Rita Jónsdóttir

Netfang:  
[info@plastlausseptember.is](mailto:info@plastlausseptember.is)

## Er plast þá alslæmt?

Nei, alls ekki. Plast er gott efni í ýmsar öryggisvörur, lækningavörur, til að léttu farartæki og fleira slíkt. Við getum ekki verið fullkomlega án plasts. En hér eru nokkrar ástæður fyrir því að við vekjum athygli á skaðsemi plasts:

Plast er ekki eingöngu úrgangsmál, það er líka **loftslagsmál**. Árleg framleiðsla á plasti er tæp 400 milljónir tonna. Það gera u.þ.b. 800 milljónir tonna af hráolíunotkun á ári. Það er 6% af heildarolíunotkun heimsins, svipað og allt flug er að nota.

**6%** af heildar-  
olíunotkun  
heimsins

2050:

**15-20%**  
af kolefnisfótspori heimsins.

Plastframleiðsla er ekki að minnka, heldur að gefa í. Spár gera ráð fyrir **tvöföldun framleiðslumagns** til ársins 2050 og að plastframleiðsla muni þá vera 15-20% af kolefnisfótspori heimsins.

8 milljón tonn af plasti fara í sjóinn á ári og plast er í dag talið vera u.þ.b. 1 tonn á móti 3 tonnum af fiski. Þetta er talið munu tvöfaldast og **2050 er spáð að það verði meira af plasti en fiski í sjónum** (í tonnum).

**Minna en 10% plasts er endurunnið.** Plast endar mestallt í landfyllingu þar sem það brotnar niður í örplast. **Örplast er skaðlegt lífríkinu, það berst í grunnvatn og inn í fæðukeðjuna.**

Plast er með ýmsum viðbættum efnum sem eru skaðleg fyrir okkur. **Þau geta verið krabbameinsvaldandi og hormónaraskandi.** Það er líka skaðlegt fyrir lífríkið að þessi efni berist út í jarðveginn.

# Nú er búið að setja bann á burðarpoka úr plasti og banna 10 einnota plasthluti. Var það nauðsynlegt?



Frá og með 1. Jan. 2021 var óheimilt samkvæmt lögum að afhenda burðarpoka úr plasti. Áður en þessi lög voru samþykkt (í des. 2019) voru Íslendingar að nota u.þ.b. 35-40 milljón plastpoka á ári.

[https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF\\_skrar/Plastpokar-skyrsluskil-27.-juni-2016.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Plastpokar-skyrsluskil-27.-juni-2016.pdf)

Einhver hluti þess er enn til og enn í notkun en það er gríðarlegur ávinningur að fjarlægja þetta úr umhverfi okkar.

Einnota hlutirnir voru bannaðir vegna þess að þeir eru algengustu plasthlutirnir sem finnast úti í náttúrunni, í fjörum til dæmis. Það gildir það sama um þessa hluti og plastpokana, það skiptir gríðarlega miklu máli að við náum að fjarlægja þessa plasthluti úr umhverfinu.

Við þurfum að venjast því að þessir plasthlutir séu ekki lengur normið. Það er stöðug þróun í plastlausum skeiðum, rorum, töppum og lokum og eftir nokkur ár munum við, eða börnin okkar, furða okkur á því að við höfum áður notað svona mikið plast sem var svo skaðlegt fyrir lífríkið.

## En ef bannið er að bera þennan árangur, þurfum við þá ennþá að vera með eitthvað átak?


Já, í plastlausum september beinum við sjónum okkar að plasti sem er alls staðar í kringum okkur, sem einnig má teljast einnota og í mörgum tilfellum óþarfi.

- Umbúðaplast utanum matvörur.
- Plastlát og áhöld
- Plastbrúsar (hreinsiefni, snyrtivörur)
- Plastvörur (ritföng, leikföng, verkfæri, skrautvörur)
- Plast í fatnaði (Nylon, polyester, akrýl)

Við viljum vekja athygli fólks á því að það er nauðsynlegt að draga úr notkun og sóun plasts og við viljum fræða fólk um þær lausnir sem til eru og þær vörur sem hægt er að nota í staðinn. Við viljum fræða fólk um magn plasts í sjónum og skaðsemi þess á lífríkið. Einnig viljum við reyna að bæta upplýsingar um plast og kveða niður mýtur.



leirtau



margnota  
bolli



einnota  
bolli

# Nokkrar tillögur að umfjöllunarefni fyrir fjölmiðla



## Íslensk fyrirtæki sem hafa markvisst dregið úr plasti í umbúðum

T.d. Arna mjólkurvörur, nokkrir kjötframleiðendur með nýjar umbúðir utanum hakk. Hversu mikið plast hefur sparast hjá þeim við þessar breytingar og hversu mikið kolefnisígildi hefur það? Hömpum jákvæðri þróun.

## Nýsköpun í plasti á Íslandi

Umfjöllun um Plastplan, Algalíf eða Bioplastic Skin (Valdís Steinars). Dæmin eru fleiri.

## Fatasóun og plast

Hér mætti fjalla um t.d. aukna gerviefnanotkun í fatnaði, aukna örplastmyndun, aukningu á fatasóun. Er eitthvað hægt að gera? Virkar það að endurvinna plast í fót eins og íþróttaföt og skó? Dregur það úr plastmengun?

<https://www.eea.europa.eu/themes/waste/resource-efficiency/plastic-in-textiles-towards-a/>

# Frekari upplýsingar og heimildir

## Umhverfisstofnun:

<https://ust.is/graent-samfelag/urgangsmal/medhondlun-urgangs/flokkun-og-endurvinnsla/plast/>

## Stjórnarráðið:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/hringrasarhagkerfi/plast/spurt-og-svarad-um-plastpoka/>

## Our world in data:

<https://ourworldindata.org/plastic-pollution>

## Umhverfisstofnun Evrópusambandsins:

<https://www.eea.europa.eu/highlights/plastics-environmental-concern>

## World Economic Forum skýrsla um plast:

[https://www3.weforum.org/docs/WEF\\_The\\_New\\_Plastics\\_Economy.pdf](https://www3.weforum.org/docs/WEF_The_New_Plastics_Economy.pdf)

## Saman gegn sóun:

<https://samangegnsoun.is/plast/>

## Plastlaus september, vefsíða á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku:

[www.plastlausseptember.is](http://www.plastlausseptember.is)



**PLASTLAUS**  
**SEPTEMBER** 2022

Breytum til hins betra

[plastlaus.is](http://plastlaus.is) | [info@plastlauseptember.is](mailto:info@plastlauseptember.is)